expectus

Tækifæri í heilsutengdri þjónustu

Unnið fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Mars 2014

Samantekt

Í vinnu um sóknaráætlun Suðurnesja sem fór fram veturinn 2012-2013 var heilsutengd þjónusta talin eitt helsta sóknartækifæri svæðisins en athyglisverð þróun hefur átt sér stað undanfarin ár í tengslum við uppbyggingu heilsutengdrar þjónustu á Suðurnesjum. Niðurstaða sóknaráætlunar gerði því ráð fyrir frekari greiningu á tækifærum þar, sérstaklega varðandi markaðssetningu hennar.

Í kjölfarið fór af stað vinna sem hafði það að markmiði að greina þau tækifæri sem til staðar væru í heilsutengdri þjónustu á Suðurnesjum, einkum frá markaðslegu sjónarmiði. Verkefnið var unnið í þremur skrefum. Byrjað var að safna þeim gögnum sem til staðar voru og ræða við þá hagsmunaaðila sem starfa á þessu sviði á svæðinu og næsta nágrenni. Í kjölfarið var haldinn greiningarfundur með þátttöku þessara aðila þar sem farið var yfir landslagið og lagst í vinnu við greiningu á samstarfstækifærum. Í framhaldi þeirrar vinnu var stillt fram endanlegri greiningu á þeim tækfærum sem svæðið býr yfir á þessu svæði og lagðar fram tillögur að næstu skrefum.

Höfundur þessarar skýrslu er Ragnhildur Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Expectus, en auk hennar komu að vinnunni Ragnar Þórir Guðgeirsson, ráðgjafi og dr. Magnús Árni Magnússon, ráðgjafi og dósent við Háskólann á Bifröst. Framangreind vinna er lögð til grundvallar mati á þeim ávinningi sem Suðurnesin gætu haft af hagnýtingu þessara tækifæra. Það er von Expectus að vinnan hafi vakið hagsmunaaðila til umhugsunar um þau tækifæri sem liggja í auknu samstarfi og þann ávinning sem slíkt myndi skapa.

Efnisyfirlit

Samantekt 2

Efnisyfirlit 3

1 Aðferðafræði og nálgun 4

2 Almennt um heilsutengda þjónustu 6

3 Heilsutengd þjónusta á Íslandi 10

4 Heilsutengd þjónusta á Suðurnesjum 13

5 Samantekt og niðurstöður 22

1 Aðferðafræði og nálgun

Verkefnið hófst með söfnun þeirra gagna sem til staðar eru. Söfnun hófst með viðtölum við þá aðila sem tengjast heilsutengdri þjónustu á svæðinu og næsta nágrenni. Þá var talað við aðila sem tengjast þessum geira óbeint sem og rýnt í útgefið efni um málaflokkinn , s.s. í formi ritgerða, faggreina og vefsíðna.

Við söfnun og rýni gagna var leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða heilsutengdu þjónustu er verið að bjóða á svæðinu í dag og með hvaða hætti er hún markaðssett?
- Hvaða ónýttu tækifæri gætu falist í þeirri þjónustu sem verið er að bjóða á svæðinu í dag?
- Hvaða ónýttu tækifæri gætu falist í heilsutengdum auðlindum svæðisins sem ekki er verið að nýta í dag?

Eftir að viðtölum og almennri gagnaöflun var að mestu lokið var haldinn samráðsfundur með þátttöku þeirra aðila sem rætt hafði verið við áður að viðbættum fleiri aðilum sem talið var að gætu komið með áhugaverð sjónarmið inn á fundinn. Á fundinum var farið yfir landslagið og lagst í vinnu við greiningu á samstarfstækifærum.

Afurð vinnunnar er stillt fram í þessari skýrslu þar sem fram kemur niðurstaða vinnunnar, lagt mat á þau tækifæri sem svæðið býr yfir í heilsutengdri þjónustu, hvað hægt er að gera í markaðssetningu hennar á svæðinu og lagðar fram tillögur að næstu skrefum í þessum efnum.

1.1 Viðtöl

Verkefnið fólst að miklu leyti í því að taka viðtöl við aðila sem ýmist höfðu hagsmuna að gæta í heilsutengdri þjónustu á svæðinu og í næsta nágrenni þess eða gátu með einhverju móti varpað ljósi á málefni heilsutengdrar þjónustu.

Tekin voru viðtöl við eftirfarandi aðila í tímaröð:

- Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, 23. maí 2013
- Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco, 23. maí 2013 og 6. júní 2013
- Róbert Wessman, símaviðtal, 29. maí 2013
- Ingibjörg Eyþórsdóttir, IcePharma, 12. júní 2013
- Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri Jarðvangs Reykjaness, 21. ágúst 2013
- Þuríður Aradóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjaness, 21. ágúst 2013
- Arnar Hafsteinsson, CSCS og forstöðumaður Íþróttaakademíu Keilis, 21. ágúst 2013
- Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Orf líftækni/Sif Cosmetics, 28. ágúst 2013
- Magnea Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, 2. september 2013
- Burkni Pálsson, þróunarstjóri GeoSilica, 2. september 2013
- Ragnar Sær Ragnarsson, framkvæmdastjóri Heilsuhótels Íslands, 9. september 2013
- Haraldur Erlendsson, forstjóri Heilsustofnun NFLÍ, 16. september 2013
- Ingi Þór Jónsson, markaðsstjóri Heilsustofnunar NFLÍ, 16. september 2013
- Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Icelandair, 16. sept 2013
- Guðný María Jóhannsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar Isavia, 18. september 2013
- Birgir Gunnarsson, forstjóri Reykjalundur, 18. september 2013
- Halldór Jónsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, 20. september 2013
- Þórunn Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 20. sept. 2013
- Fjölnir Freyr Guðmundsson, framkv.stjóri lækninga, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 20. sept. 2013
- Anna G. Sverrisdóttir, formaður samtaka um heilsuferðaþjónustu á Íslandi, 1. október 2013
- Ársæll Harðarson, svæðisstjóri fjærsvæða hjá Icelandair, 11. október 2013

Viðtölin, ásamt því sem kom fram á samráðsfundinum, voru grundvöllur þeirrar greiningar um heilsutengda þjónustu almennt, á Íslandi og á Suðurnesjum sem farið er yfir í næstu köflum.

1.2 Samráðsfundur

Þann 4. október var staðið fyrir samráðsfundi helstu hagsmunaaðila um heilsutengda þjónustu á svæðinu. Öllum sem tekið hafði verið viðtal við var boðið á fundinn ásamt fleirum sem ekki hafði verið rætt við áður.

Eftirfarandi aðilar mættu á fundinn:

- Anna G. Sverrisdóttir, formaður samtaka um heilsuferðaþjónustu á Íslandi
- Ari Elíasson, framkvæmdastjóri Sporthússins Reykjanesbæ
- Arnar Hafsteinsson, forstöðumaður Íþróttaakademíu Keilis
- Ársæll Harðarson, svæðisstjóri fjærsvæða hjá Icelandair
- Burkni Pálsson, þróunarstjóri GeoSilica
- Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri Jarðvangs Reykjaness
- Egill Þórir Einarsson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Salt
- Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Orf líftækni/Sif Cosmetics
- Eva Lind Ómarsdóttir, deildastjóri hóptíma hjá Sporthúsinu Reykjanesbæ
- Fanney Guðrún Sigurþórsdóttir, skrifstofustjóri Sporthússins í Reykjanesbæ
- Grétar Már Garðarsson, verkefnastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar Isavia
- Magnea Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins
- Ragnar Sær Ragnarsson, framkvæmdastjóri Heilsuhótels Íslands
- Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri hjá Kadeco
- Þórunn Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Þuríður Aradóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjaness

Þá var eftirfarandi aðilum boðin þátttaka en gátu ekki tekið þátt:

- Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri GeoSilica
- Fjölnir Freyr Guðmundsson, framkv.stjóri lækninga, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Icelandair
- Guðný María Jóhannsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar Isavia
- Halldór Jónsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
- Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco

Samráðsfundurinn, ásamt því sem kom fram í viðtölum, var grundvöllur þeirrar greiningar um heilsutengda þjónustu almennt, á Íslandi og á Suðurnesjum sem farið er yfir í næstu köflum.

2 Almennt um heilsutengda þjónustu

Heilsutengd þjónusta er hugtak sem hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og áratugi, ekki síst í samhengi við ferðaþjónustu. Ekki eru allir á eitt sáttir um það hvernig skilgreina eigi hugtakið og felst sá ágreiningur helst í því hvort skilgreina eigi hugtakið vítt eða þröngt.

Í sínum víðasta skilningi felur heilsutengd þjónusta í sér allt það sem talist getur til læknisfræðilegrar þjónustu, þjónustu sem miðar fyrst og fremst að því að skapa vellíðun hjá kaupandanum en einnig heilsutengdar vörur sem hafa það hlutverk að „þjónusta“ kaupandann til bættrar heilsu eða vellíðunar með einum eða öðrum hætti. Þá er heilsutengd þjónusta oft hugsuð í náinni tengingu við ferðaþjónustu þar sem þjónustunni er ekki síst ætlað að draga að sér kaupendur annars staðar frá en ekki endilega fólks úr heimabyggð.

Í þessari skýrslu er litið svo á að ferðaþjónusta sé nátengd heilsutengdri þjónustu. Þetta á sérstaklega vel við um Ísland þar sem heilbrigðiskerfið er jafn gott og raun ber vitni. Íslendingar sækja sér heilsutengda þjónustu að langmestum hluta í heimabyggð eða næsta nágrenni. Það er helst á sumrin eða á öðrum orlofstímum þar sem fólk sækir sér heilsutengda þjónustu annað, þá yfirleitt þar sem það er á ferðinni um viðkomandi svæði. Af þessum sökum miðast markhópurinn í heilsutengdri ferðaþjónustu sem horft er til í þessari skýrslu fyrst og fremst við erlenda ferðamenn þó Íslendingar séu síður en svo útilokaðir í þeim efnum.

2.1 Þrískipting heilsutengdrar þjónustu

Heilsutengd þjónusta er oft flokkuð í tvennt, annars vegar lækningar (e. *medical*) og hins vegar heilbrigði og vellíðan (e. *wellness*). Stundum eru vörur sem notaðar eru í heilsutengdu sjónarmiði flokkaðar með lækningum en í þessari skýrslu er sá flokkur skilgreindur sérstaklega eins og sjá má í mynd 1:



Mynd 0.1: Þrískipting heilsutengdrar þjónustu skv. skilgreiningu þessarar skýrslu

Þó svo myndin hér að ofan sýni skýra þrískiptingu skal tekið fram að skilin eru ekki alltaf svona skörp. Oft er heilmikil skörun milli þess sem í boði er og sami aðilinn getur þess vegna búið yfir framboði á öllum þremur flokkunum.

Þá hefur reynslan erlendis frá sýnt að náið þverfaglegt samstarf aðila í heilsutengdri þjónustu, þar sem til koma aðilar úr öllum þremur flokkum heilsutengdrar þjónustu, þ.e. lækningum, heilbrigði og vellíðan og þeir sem bjóða upp á heilsutengdar vörur, auk ferðaþjónustuaðila og annarra samtaka/stofnana sem hafa hagsmuna að gæta, er hvað líklegast til árangurs.

2.1.1 Lækningar

Heilsutengd þjónusta sem fellur undir lækningar (e. *medical*) felur í sér klíníska meðferð af einhverju tagi og má í því sambandi nefna klíníska sálfræði, heimilislækningar, sérhæfða hjúkrunarþjónustu, lyflækningar eða skurðlækningar. Öll hefðbundin heilbrigðisþjónusta sem á sér stað á spítölum, læknamiðstöðvum og heilsugæslustöðvum, fellur undir þennan flokk.

Mynd 0.2: Lækningar

Skilgreiningin á enska orðinu „medical“ styður þetta en hún er: „Tengist læknisvísindum, meðferð við veikindum eða meiðslum“. Lækningar eiga sér jafnan stað sem afleiðing veikinda eða meiðsla og er því eins konar viðbragðsþjónusta (e. *reactive*) þar sem brugðist er við með viðeigandi hætti eftir því hvað við á.

2.1.2 Heilbrigði og vellíðan

Eins og orðið ber með sér er áherslan hér á heilbrigði og vellíðan á líkama og sál. Heilsutengd þjónusta sem fellur undir heilbrigði og vellíðan (e. *wellness*) spannar vítt svið allt frá heilsulindum og líkamsræktar til matarræðis og lýðheilsu.

Mynd 0.3: Heilbrigði og vellíðan

Enska orðið „wellness“ er skilgreint sem „ástand eða ásigkomulag sem felur í sér góða andlega og líkamlega heilsu“. Öfugt við lækningar felur þjónusta á sviði heilbrigði og vellíðunar oftar en ekki í sér þjónustu sem tekin er að frumkvæði kaupandans (e. *proactive*) sem eins konar forvörn fyrirbyggja líkamleg og/eða andlega veikindi og er því ekki (endilega) afleiðing veikinda eða meiðsla.

2.1.3 Heilsutengdar vörur

Þær vörur sem helst falla undir skilgreininguna heilsutengdar vörur eru annars vegar vörur til útvortis notkunar, svo sem snyrtivörur, og hins vegar vörur til inntöku, svo sem fæðubótarefni. Hvort sem um vörur til útvortis notkunar eða inntöku er að ræða hafa þær allar það að markmiði að efla heilsu og hreysti þeirra sem nota þær.

Mynd 0.4: Heilsutengdar vörur

Heilsutengdar vörur eru í einhverjum tilfellum notaðar í lækningaskyni, til dæmis ef um græðandi krem er að ræða eða næringarefni sem líkamann skortir. Þegar það á við kemur notkun þeirra til sem afleiðing af veikindum eða heilsutengdum vandkvæðum einhvers konar. Heilsutengdar vörur eru þó oftar notaðar í þeim tilgangi að auka vellíðun og hreysti fólks, oftar en ekki í forvarnarskyni. Það er af þeim sökum sem heilsutengdar vörur hafa verið flokkaðar í sérstakan flokk í þessari skýrslu og eru skoðaðar sérstaklega.

2.2 Heilsuferðaþjónusta

Heilsuferðaþjónusta er það kallað þegar fólk kýs að ferðast gagngert til þess að leita uppi heilsutengda þjónustu, hvort sem um er að ræða þjónustu á sviði lækninga, heilbrigði og vellíðunar eða komast í tæri við heilsutengda vöru. Þó svo að heilsuferðaþjónusta geti átt við um ferðamennsku innan ríkis, eins og til dæmis innan Íslands, er oftast nær horft til ferðalaga milli ríkja í þeim tilgangi að sækja sér heilsutengda þjónustu. Þeir aðilar sem starfa á sviði heilsuferðaþjónustu vinna í raun með tvo markhópa. Annars vegar þeir sem eru tilbúnir að leggja á sig ferðalög til að sækja mjög sérhæfða þjónustu og hins vegar almennir ferðamenn sem geta hugsað sér að nýta slíka þjónustu í tengslum við önnur ferðalög.

Heilsutengd ferðaþjónusta felur m.a. í sér eftirfarandi þjónustuþætti:

- Vatns og vellíðunar
- Líkamsræktar og íþrótta

- Endurhæfingar
- Hátæknilækninga

2.3 Heilsutengd þjónusta á alþjóðavísu

Á undanförnum áratug hefur orðið algjör sprenging á alþjóðavísu í framboði á og eftirspurn eftir heilsutengdri þjónustu. Í skýrslu SRI International, sem gefin var út árið 2010, var útbreiðslu og umfangi heilsutengdrar þjónustu stillt fram á myndrænan hátt. Myndin var sérstaklega vel heppnuð þar sem hún sýndi hvað hver grein innan heilsutengdrar þjónustu var að skila mikilli veltu. Einnig kom fram hvar hver grein lendir á á heilsutengda rófinu milli þess sem flokkast til viðbragðsmeðferðar (e. *reactive*) og hefur sterka samsvörun við lækningar og forvarnarmeðferð (e. *proactive*) sem hefur skírskotun í greinar sem snúa að heilbrigði og vellíðan.

Mynd 5 dregur upp mjög skýra mynd af tveimur þáttum þeirrar umfjöllunar sem skýrsla þessi tekur til, en nær ekki til þriðja þáttarins sem er heilsutengdar vörur. Eins og sjá má á myndinni fellur meginþorrinn undir heilbrigði og vellíðan en færri og smærri greinar hafa með lækningar að gera.



Mynd 5: Greining SRI International frá 2010 á heilsutengda markaðnum

Eins og sjá má á mynd 5 hallast greinar innan heilsutengdrar þjónustu frekar í átt að heilbrigði og vellíðan en lækningum og því virðist þessi geiri snúast mikið um heilbrigði með forvarnir í huga en sem afleiðing veikinda eða meiðsla. Þá má auk þess sjá á fleti hverrar greinar að flestar þeirra ná til beggja flokka. Þá sýnir myndin einnig umfang hverrar greinar í Bandaríkjadölum talið.

Umfangið kemst þó ekki mjög skýrt til skila í mynd 5 enda er henni ætlað að sýna hvað þjónustusvið viðkomandi grein nær yfir en ekki umfang greinarinnar. Til að sjá betur markaðsstærð viðkomandi greina er það sýnt á mynd 6. Þar hefur greinunum verið stillt upp sem súlum sem raðað er eftir stærð og eins og sjá má eru fegrunar- og öldrunarmeðferðir langstærsti flokkurinn en virði hans nam, árið 2010, um 680 milljörðum Bandaríkjadala meðan næsta grein á eftir, heilsurækt og þjálfun, nam um $390 milljörðum.



Mynd 6: Greinar í heilsutengdri þjónustu, raðað eftir umfangi í dollurum talið (tölur frá 2010)

3 Heilsutengd þjónusta á Íslandi

Það er mikilvægt fyrir hverja þjóð að átta sig á þeim auðlindum sem hún býr yfir og það vill svo til að Ísland er ríkt af náttúruauðlindum og langlífum, upplýstum og vel menntuðum mannauði. Heilsutengd ferðamennska virðist vera á byrjunarreit vaxtar á Íslandi samkvæmt líftímakúrfu vöru en framtíðarhorfur hennar virðast bjartar og eru væntingar margra að hún verði ein af meginstoðum í ferðamennsku á ÍslandiSérstaða Íslands

Eitt helsta einkenni Íslands er hin villta ósnortna náttúra sem gnægð er af. Þó listinn sé langt því frá tæmandi eru eftirfarandi atriði meðal þeirra sem talist geta til sérstæðra náttúruauðlinda Íslands:

- Afskekkt eyja langt norður í Atlantshafi
- Engin landamæri að öðrum löndum og því er að eins hægt að komast hingað með flugvél eða skipi
- Stór landsvæði af óbyggðu landi og því auðvelt að komast í frið og rólegheit fjarri mannaferðum
- Hraun og jöklar, kjarrlendi og mýrar, berangursleg holt og hæðir
- Hrein og tær náttúra í lofti, láði og legi
- Stormasamt og óútreiknanlegt veðurfar
- Norðurljósin (og landfræðileg staðsetning hvað birtingartíma þeirra varðar)
- Vetrarsvartnættið (skammdegið yfir vetrarmánuðina)
- Miðnætursólin (birta nánast allan sólarhringinn yfir hásumarið)
- Eyja staðsett ofan á flekaskilum og tilheyrir því bæði Ameríku- og Evrópuflekanum
- Hiti í jörðu sem lýsir sér m.a. í hverum, heitum lindum og virkum eldsvæðum
- Vatnajökull - Stærsti jökull Evrópu
- Eyjafjallajökull – eitt frægasta (og óframburðarhæfasta) eldfjall Evrópu
- Bláa lónið

Auðlindir Íslands felast þó ekki eingöngu í náttúruauðlindum. Mannauðurinn og þau framúrskarandi lífsgæði sem Íslendingar búa við er mjög mikilvægur þáttur. Að þessu leyti býr Ísland m.a. yfir eftirfarandi sérstöðu:

- Íslendingar eru meðal langlífustu þjóða heims
- Ungbarnadauði er með allra lægsta móti
- Hátt menntunarstig, lítið atvinnuleysi, stéttaskipting með minnsta móti
- Jafnrétti kynjanna með allra mesta móti – atvinnuþátttaka kvenna mjög há
- Fordómar gagnvart samkynhneigðum einstaklega litlir
- Ísland er friðsöm þjóð og býr ekki yfir sínum eigin her
- Íslendingar eru að jafnaði meðal hamingjusömustu þjóða heims

3.1 Kortlagning á heilsutengdri þjónustu á Íslandi

Íslendingar hafa þegar komist ágætlega á veg þegar kemur að heilsutengdri þjónustu. Við búum við mikið af náttúrulegum auðlindum á borð við náttúrulaugar og hitaveitusvæði af ýmsu tagi sem laða að sér fjölda ferðamanna. Þá hefur lengi verið hefð fyrir sundlaugum í öllum helstu þéttbýliskjörnum þar sem laugarnar eru ekki aðeins upphitaðar heldur einnig heitir pottar til staðar. Einnig býr landið yfir heilsulindum og því sem við kjósum að kalla SPA víðsvegar um landið. Loks þykir heilbrigðisþjónusta á Íslandi til fyrirmyndar og hér er m.a. hátæknisjúkrahús. Aðgengi að sérfræðilæknum er meira en víðast hvar annars staðar og aðgengi að heilsugæslu er ekki langt að baki þeim þjóðum sem hafa náð bestum árangri á því sviði. Heilsugæsluþjónusta er í boði í flestum þéttbýliskjörnum sem telja meira en 200-300 íbúa.

Mynd 7 sýnir uppfærða kortlagningu á heilsutengdri þjónustu sem fellur undir lækningar og heilbrigði og vellíðan en tekur ekki til heilsutengdra vara og hvar þær eru framleiddar. Inn á kortið er merkt hvar má finna spa, sjúkrahús, heilsulindir, náttúrulaugar og sundlaugar á Íslandi.



Mynd 7: Kortlagning af heilsutengdri þjónustu á Íslandi

Eins og sjá má er hægt að nálgast heilsutengda þjónustu nánast hvar sem er á landinu og því einskorðast þjónustuveitingin ekki við eitt eða fá landsvæði. Höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni (Suðurnesin þar með talin) koma sérstaklega vel út og virðast því rík af bæði manngerðri heilsutengdri starfsemi sem og náttúruauðlindum sem nýta má á þessu sviði.

3.2 Heilsutengd þjónusta í næsta nágrenni við Suðurnesin

3.2.1 Heilbrigðisþjónusta (lækningar)

Í þessum flokki er fyrst og fremst um að ræðu Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) í Reykjanesbæ, en nánar er fjallað um hana hér fyrir neðan. Suðurnesin eru svo auðvitað í miklu nábýli við höfuðborgarsvæðið þar sem flestar stærri heilbrigðisstofnanir þjóðarinnar eru staðsettir, t.d. Landspítali, háskólasjúkrahús (LSH). Í Grindavík er hjúkrunarheimil og annað í byggingu í Reykjanesbæ.

3.2.2 Náttúrulaugar og heilsulindir

Í næsta nágrenni við Suðurnesin er einnig að finna tvær náttúrulaugar (Kvika og Klambragilslaug) og tvær lækningalindir.

Kvika er lítill fótapottur í fjörunni rétt hjá Gróttu og birtist sem útilistaverk úr heilum grágrýtissteini sem sorfinn hefur verið í hringlaga fótbaðs- eða vaðlaug og er lýst upp með mildu rafljósi að innanverðu. Í hana rennur stöðugt óblandað, forkælt jarðhitavatn úr borholum Seltjarnarness en það er talið hafa einstaka samsetningu og jafnvel lækningamátt. Klambragilslaug í Reykjadal, skammt frá Hveragerði (sjá mynd 8) er á sem er umvafin bullandi heitum hverum og hitnar af völdum heitrar uppsprettu. Vinsæll áningastaður erlendra ferðamanna og íslenskra fjallagarpa.

Mynd 8: Klambragilslaug

3.2.3 Heilsubæir

Tvö sveitarfélög í næsta nágrenni við Suðurnesin hafa tekið upp sérstaka heilsustefnu sem hefur það að markmiði að þau geti kynnt sig sem heilsubæi. Þetta eru Mosfellsbær og Hveragerði.

Mosfellsbær hefur skilgreint sig sem umhverfisvænan heilsubæ en í stefnu þeirra kemur meðal annars fram að bærinn skuli vera í forystu meðal sveitarfélaga á öllum sviðum mengunarmála. Þá kemur einnig fram að Mosfellsbær skuli vera leiðandi í lýðheilsu, heilsueflingu og endurhæfingu. Í sveitarfélaginu er að finna Reykjalund, heilbrigðisstofnun SÍBS, ein helsta endurhæfingarmiðstöð landsins. Reykjalundur er með þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands. Hugmyndafræði Reykjalundar miðar að því að veita alhliða endurhæfingarþjónustu til að bæta færni, virkni og þátttöku skjólstæðinga í daglegu lífi.

Hveragerð skilgreinir sig einnig sem heilsubæ og leitast við að skipa sér í fremstu röð á Íslandi hvað varðar heilsutengda þjónustu. Markmiðið er að öðlast alþjóðlega viðurkenningu sem heilsubær. Í Hveragerði er Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ) sem er með þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands og byggir á þeirri hugmyndafræði að efla heilbrigði, auka vellíðan og styrkja einstaklinga í að bera ábyrgð á eigin heilsu. Upphaflega byggðist starfsemin að öllu leyti á hefðum náttúrulækningastefnunnar en hefur sveigt sig í auknum mæli inn á braut hefðbundinna lækninga.

3.3 Tækifæri í heilsutengdri ferðaþjónustu á Íslandi

Árið 2000 setti samgönguráðuneytið af stað vinnu við gerð skýrslu um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi. Í skýrslunni var sú heilsutengda þjónusta sem var til staðar á þeim tíma kortlögð, stillt var upp hvaða tækifæri á þessu sviði væru á Íslandi og settar voru fram tillögur til aðgerða.

Eftirfarandi texti er tekinn beint úr skýrslu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu sem rituð var á vegum samgönguráðuneytisins árið 2000 og bar heitið „Heilsutengd ferðaþjónusta“ og segir margt um þau tækifæri sem liggja í heilsuferðaþjónustu á Íslandi:

> *Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið verulega á síðustu árum og vænta má mikils af þessari atvinnugrein á komandi árum. Heilsutengd ferðaþjónusta er nú þegar nokkur í landinu og getur vaxið verulega ef vel er á haldið. Auðlindir Íslands og styrkleikar varðandi heilsutengda ferðaþjónustu eru einkum hreint loft, óspillt náttúra, nægilegt gott vatn og heita vatnið sem Ísland býr yfir. Hátt menntunarstig þjóðarinnar, vel menntaðar heilbrigðisstéttir og gott heilbrigðiskerfi eru líka mikilvægar auðlindir.*
>
> *Ímynd Íslands sem hreins, fagurs og ómengaðs lands er afar dýrmæt og leggja þarf mikla áherslu á að styrkja og viðhalda þeirri ímynd. Flestir þeir þættir sem hamla eða efla ferðaþjónustu almennt hafa einnig áhrif á heilsutengda ferðaþjónustu. Auk þeirra heilsutengdu þátta sem „heilsuferðamaðurinn“ tekur þátt í, er margt annað sem hefur áhrif á val hans. Gæði þjónustu, góður aðbúnaður og möguleikar á fjölbreyttri menningu og afþreyingu eru allt mikilvægir þættir til að ná til þess hóps sem leitar í auknum mæli eftir að nota frítíma sinn til að auka á vellíðan sína og heilbrigði, eða leitar sér lækningameðferða utan sinnar heimabyggðar.“*

Þá var það einkum fernt sem nefnt var sem tækifæri í heilsutengdri ferðaþjónustu:

- **Heilsulindir:** Að byggja upp þétt net heilsulinda og óska eftir SPA vottun frá ESPA (European Spa Association) fyrir allar þær heilsulindir sem uppfyllt gætu þau skilyrði sem til þess þarf.
- **Íþróttatengd ferðaþjónusta:** Að setja á laggirnar og markaðssetja sérstaka íþróttaviðburði sem markaðssettir væru gagnvart ferðamönnum byggt á sérstöðu Íslands, t.d. hlaupaviðburðir, miðnæturgolf, jöklaferðir, gönguferðir um öræfi, hestaferðir og fleira þess háttar. Dæmi um þetta er Reykjavíkurmaraþonið.
- **Hátæknilækningar:** Hér á landi er mjög hæft og vel menntað heilbrigðisstarfsfólk sem hefur náð góðum árangri á alþjóðavísu. Má þar nefna lazer-aðgerðir Sjónlags, lýtaaðgerðir, húmeðferðir Bláa lónsins, Heilbrigðisstofnun NFLÍ og leirböðin þeirra, bakmeðferðir í Stykkishólmi og góðan árangur af frjósemisaðgerðum svo eitthvað sé nefnt.
- **Heilsuvörur:** fæðubótarefni til inntöku og húðvörur sem hafa skapað sér sérstakan sess, t.d. kísilvörur Bláa lónsins, erfðabreyttar og lífrænar vörur Orf líftækni og þær tilraunir sem GeoSilica er að vinna með.

Þá fólust tillögur skýrslunnar frá 2000 fyrst og fremst í því að Ísland verði skilgreint og auglýst sem *heilsuland* og að sérstök áhersla yrði lögð á að „uppfæra“ sundstaði sem uppfylla ákveðin viðmið í svokölluð *heit böð* (e. *thermal bath*) í stað þess að kallast sundlaugar (e. *swimming pool*). Þetta tvennt var talið geta breytt miklu um ímynd landsins og orðspor þess sem skynsamlegs áfangastaðar fyrir heilsuferðalanga.

4 Heilsutengd þjónusta á Suðurnesjum

Þegar kemur að innlendri ferðamennsku hefur Reykjanesið lengi liðið fyrir að vera ekki hluti af hringveginum. Sökum nálægðar við höfuðborgarsvæðið hefur nesið ekki þótt nógu framandi til að vera vinsæll áfangastaður. Sérstaða Reykjanesskagans í hugum Íslendinga felst í mörgum tilfellum í leiðinni milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar annars vegar og tilveru Bláa lónsins hins vegar. Það vill svo til að Reykjanesið býr yfir mörgum sérstæðum náttúruperlum og áhugaverðum eiginleikum umfram þetta tvennt, þar af mörgum sem fallið geta undir skilgreininguna á heilsutengdri þjónustu.

4.1 Sérstaða Suðurnesja

Suðurnesin hafa upp á ýmislegt að bjóða. Í sumum tilfellum hefur það verið nýtt í ríkum mæli til kynningar á svæðinu en í öðrum tilfellum er um eiginleika að ræða sem ekki margir vita af. Sérstaða Suðurnesja felst helst í:

- Bláa lóninu – skilgreint sem eitt af 25 undrum veraldar
- Hrárri og ósnortinni náttúru – nánast alþakið hrauni
- Berangurslegu svæði - hvassir vindar (hraunið heitir nú einu sinni „Hvassahraun“)
- Þau liggja á flekaskilum og tilheyra því bæði Ameríku- og Evrópuflekanum
- Góðum líkum á alþjóðlegri vottun sem jarðvangur (e. Geopark)
- Þau eru mikið jarðhitasvæði
- Sterkum sjávarútvegi
- Mikilli tónlistarsögu
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Nálægð við alþjóðaflugvöll

4.1.1 Bláa lónið – lækningalind og SPA

Bláa lónið hefur á undanförnum árum skapað sér sterkan sess enda verið skilgreint meðal 25 undra veraldar. Það hefur hlotið heimsfrægð fyrir einstaka fegurð sína og lækningamátt en jarðsjórinn inniheldur steinefni, kísil og þörunga sem hafa meðal annars haft jákvæð áhrif á húðsjúkdóminn psoriasis. Lónið er myndað úr affallsvatni frá Hitaveitu Suðurnesja. Nú er svo komið að nærri því 2 af hverjum 3 ferðamönnum sem koma til landsins heimsækja Bláa lónið. Bláa lónið er ein sterkasta sérstaða Suðurnesja að þessu leyti og nýting sérstöðu þess er enn í hraðri þróun.

4.1.2 Náttúrulaugar á Suðurnesjum

Á Suðurnesjum eru tvær náttúrulaugar, annars vegar Skátalaug og hins vegar Brimketill.

Skátalaug er frekar köld og lítil náttúrulaug sunnan við Kleifarvatn. Þó hún sé ekki ýkja heit er vel hægt að sitja þar í litlum hópi og baða sig á heitum degi.

Brimketill er sérkennileg og skemmtileg laug í sjávarborðinu við Staðarberg á Reykjanesskaganum og er ein af vinsælustu náttúruperlum svæðisins. Laugin er mynduð af stöðugum núningi brimsins við hraunklettana sem myndað hefur eins konar bolla. Við flóð og mikinn öldugang gengur sjór í brimketil en vel er hægt að baða sig í katlinum þó vatnið sé ekki ýkja heitt.

4.2 Heilsutengd þjónusta á Suðurnesjum

Eins og komið hefur fram var þann 4. október 2013 boðað til samráðsfundar helstu hagsmunaaðila um heilsutengda þjónustu á svæðinu. Hér fer upptalning á þeim helstu aðilum sem starfa í heilsutengdri þjónustu á Suðurnesjunum en tekið skal fram að listinn er langt því frá tæmandi:

- Bláa lónið
- GeoSilica

- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Heilsuhótel Íslands
- Íþróttaakademía Keilis (ÍAK)
- Orf líftækni
- Sporthúsið

Þá eru ótaldir aðilar sem tengjast heilsutengdri þjónustu með óbeinum hætti, svo sem Icelandair og Isavia sem hvort tveggja eru fyrirtæki sem eiga mikilla hagsmuna að gæta hvað varðar fjölda ferðamanna hingað til lands og þar gæti heilsuferðaþjónusta spilað stórt hlutverk. Þá má einnig nefna Hekluna, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, og Kadeco sem bæði hafa unnið hörðum höndum að því að byggja upp atvinnulíf á svæðinu.

Í einhverjum tilfellum er um að ræða aðila sem að einhverju leyti eiga í samkeppni sín á milli, en það eru þó engu að síður sameiginlegir hagsmunir allra að auka vitund fólks um Suðurnesin og það gæti komið öllum til góða ef svæðið yrði skilgreint sem heilsusvæði.

4.2.1 Flokkun heilsutengdrar þjónustu á Suðurnesjum



Ef horft er til þeirra þriggja flokka innan heilsutengdrar þjónustu sem áður hafa verið nefndir til sögunnar, Medical, Wellness og Products, þá falla fyrirtæki og stofnanir á Suðurnesjum innan allra þeirra flokka. Bláa lónið fellur að einhverju leiti innan þeirra allra, þar sem þar fer fram heilbrigðisþjónusta tengd meðferð við psoriasis, auk læknisfræðilegra rannsókna, Lónið er svo sannarlega „vellíðunarspa“ og framleiðir húð- og snyrtivörur undir eigin nafni.

4.3 Aðilar í heilsutengdri þjónustu á Suðurnesjum

4.3.1 Bláa lónið

Meginmarkmið Bláa lónsins er að vera í forystu um uppbyggilega heilsu- og ferðaþjónustu á Íslandi. Bláa lónið er einn eftirsóttasti ferðamannastaður á Íslandi, bæði meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Gestafjöldi árið 2012 inn í húsið var um 585.000 að auki komu 117 þúsund gestir til að skoða lónið, án þess að fara ofan í það. Grunnurinn að starfseminni er lónið sjálft. Það er þekkt fyrir lækningamátt, en við það er að finna Spa og baðaðstöðu þar sem fara fram nudd og spa meðferðir sem byggja á söltum, kísli og þörungum sem finnast í lóninu. Bláa lónið framleiðir sínar eigin snyrtivörur, annars vegar til fagaðila og hinsvegar til almennrar sölu. Veitingasalurinn er fjölsóttur og þangað sækja bæði einstaklingar og hópar. Við hann vinna menntaðir þjónar og matreiðslufólk, þar á meðal 2 sem eru í kokkalandsliðinu. Veitingasalurinn er opinn 365 daga á ári. Í veitingarnar eru notað árstíðabundið grænmeti og ferskur fiskur sem keyptur er í Grindavík, en lagt er upp úr því að notast við staðbundið (e. local) hráefni eins og kostur er.

Færri vita að við lónið eru stundaðar rannsóknir og þróunarsetur er við lækningalindina. Unnið er úr kíslinum í botninum, m.a. andlitsvörur sem framleiddar eru í Frakklandi.

Bláa lónið er einkafyrirtæki en HS Orka, sem sér félaginu fyrir jarðsjó, er einnig hluthafi. Eins hafa starfsmenn fengið að kaupa hlut í fyrirtækinu. Lónið hefur verið skilgreint sem eitt af 25 undrum veraldar, en frumkvöðullinn Grímur Sæmundsen á mestan heiður af uppbyggingu þess og hlaut hann viðurkenninguna „maður ársins í viðskiptalífinu árið 2013“. Fyrirtækið sem rekur lónið var stofnað 1992 og tók við rekstri gömlu skúranna sem höfðu verið byggðir við lónið á níunda áratugnum. Síðan þá hefur gríðarleg uppbygging átt sér stað. Í dag starfa um 330 starfsmenn við Lónið yfir sumarið og um 250 starfsmenn á ársgrundvelli. Lónið hefur flaggað bláfánanum – sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er rekstraraðilum smábátahafna og baðstranda.

Gríðarleg ásókn er í lónið og hefur verið brugðist við henni með því að reyna að dreifa heimsóknunum með því að láta gesti panta (og greiða) fyrirfram fyrir heimsókn í lónið. Opið er í lónið til miðnættis. Að sögn markaðsstjóra felast tækifæri Bláa lónsins ekki endilega í því að fjölga gestunum, þó vissulega séu tækifæri þar til staðar á öðrum tímum en yfir sumarið, en frekar beri að stefna að því að auka þjónustuframboð fyrir gesti með því að leggja enn frekar áherslu á upplifun gestanna. Bláa lónið leggur áherslu á þátttöku í samfélagsverkefnum, t.d með áherslu á íþróttir og umhverfismál.

Hlutfall Suðurnesjamanna af starfsfólki er á milli 70-80% og er það sérstök stefna Bláa lónsins að ráða fólk sem býr á svæðinu. Einnig eru starfsmenn hvattir til að bæta við sig menntun með því að sækja nám og námskeið.

Að sögn Magneu Guðmundsdóttur markaðsstjóra Bláa lónsins hefur verið ákaflega gott samstarf við Grindavíkurbæ, en Lónið hefur unnið að umhverfisverkefnum, m.a. göngustígagerð með bænum og HS Orku. Ekki er blöðum um það að fletta að Bláa lónið hefur haft mikið um það að segja að ferðamenn sækja til Grindavíkur og ferðaþjónustufyrirtæki í bænum gera t.a.m. út á ferðir á fjórhjólum sem leggja upp og enda í lóninu. Bláa lónið er meðal hluthafa í Keili á Ásbrú og Heilsuhótel Íslands á Ásbrú hefur verið að koma með gesti sína í Lónið svo eitthvað sé nefnt. (heimildir: Viðtal við Magneu Guðmundsdóttur, 2. september 2013 og vefsíða Bláa lónsins, bluelagoon.com).

4.3.2 geoSilica

Fyrirtækið geoSilica Iceland ehf. var stofnað af Fidu Abu Libdeh og Burkna Pálssyni í framhaldi af lokaverkefnum þeirra í Orku- og Umhverfistæknifræðinámi Keilis. Þau fengu haustið 2012, verkefnisstyrk frá Tækniþróunarsjóði sem mun tryggja fyrirtækinu fjármagn næstu 3 árin. Markmið fyrirtækisins er að vinna hágæða kísil-heilsuvörur úr kísilríku affallsvatni jarðvarmavirkjanna sem í dag er að mestu leiti ónýtt auðlind (“GEOSILICA,” e.d.). Kísill mun verðmætari ef hann er notaður í heilsuvörur en fyrir iðnað og hugmyndin á bakvið geoSilica er að nota hann sem fæðubótarefni, (viðtal: Burkni Pálsson, þróunarstjóri GeoSilica, 2. september 2013). Upphafleg hugmynd fyrirtækisins var að nota Kísil af Suðurnesjunum, sem félli til við vinnslu HS Orku, en það gekk því miður ekki upp þar eð Bláa lónið er með forkaupsrétt á kísli til framleiðslu heilsuvara hjá HS Orku. Þá leituðu forsvarsmenn fyrirtækisins til Hellisheiðarvirkjunar og nú er til staðar samstarfsyfirlýsing milli fyrirtækisins, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Keilis og fleiri aðila.

Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa fundið mikinn meðbyr með starfseminni á Suðurnesjum, en fyrirtækið er staðsett í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú. Keilir hefur veitt aðgang að rannsóknarstofu og tæknifræðinemendur við skólann hafa verið að vinna með fyrirtækinu. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco) aðstoðaði við uppsetningu smiðjunnar sem framleiðslan fer fram í. Forsvarsmenn láta vel af því að vera í Eldey og reyna að leita sem mest til aðila á Suðurnesjum í samstarfi við uppbyggingu fyrirtækisins. Suðurnesjanna til að byggja upp atvinnustarfsemina. Fyrirtækið hefur fengið viðurkenningar fyrir starfsemi sína. Það var í hópi 10 efstu í Gullegginu, frumkvöðlakeppni og fengu í verðlaun 40 tíma ráðgjöf hjá KPMG.

Næsta stóra verkefni fyrirtækisins er markaðssetning framleiðsluvörunnar sem mun að mestu fara fram í gegnum netið, en forsvarsmenn fyrirtækisins veðja á að kísill verði næsta stóra æðið í fæðubótarheiminum! (viðtal við Burkna Pálsson, 2013).

4.3.3 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) sinnir heilbrigðisþjónustu við heilbrigða og sjúka sem ekki dveljast á sjúkrahúsum. Heilsugæslan skal tryggja grunnþjónustu í heilsugæslu á starfssvæðinu, s.s. almenna læknis- og hjúkrunarþjónustu, vakt- og bráðaþjónustu og forvarnarstarf. Undir sjúkrahússvið HSS fellur

sjúkrahúsþjónusta sem greinist í lyflækningar og endurhæfingaþjónustu annars vegar og skurðlækningar og fæðingarhjálp hins vegar. Sjúkrahúsið er ætlað sjúku fólki til vistunar, þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við reglugerðir og lög um heilbrigðisþjónustu. Nú er starfrækt 25 rúma öldrunardeild í Grindavík í tengslum við sjúkrahúsið og 21 rúma legudeild á 2.hæð. Á fæðinga- og kvensjúkdómadeild eru 8 rúm. Í september 2003 var farið af stað með dagdeildarstarfsemi í 10 rúmum fyrir hand- og lyflækningar. Sjúkrahúsið hefur á að skipa fjölmörgum sérgreinalæknum bæði í skurðlækningum og lyflækningum. Þá er rekin slysa- og bráðamóttaka á sjúkrahússviði í nánum tengslum við heilsugæslusvið. Stefna HSS er að uppfylla 70-80% af þjónustuþörf íbúa Suðurnesja fyrir sjúkrahúsþjónustu. Sérhæfð og flókin þjónusta verður eftir sem áður sótt til Landspítala- háskólasjúkrahúss (vefur HSS, hss.is).

Á HSS vinna um 300 manns í á milli 210 og 220 stöðugildum. Þar af eru um 50 hjúkrunarfræðingar, 50 sjúkraliðar og 22-3 læknar. HSS er stærsta heilsugæsla landsins og hefur verið í og gæti hugsað sér frekara samstarf við aðra aðila á Suðurnesjum ef flötur finnst á því (viðtal við Halldór Jónsson, Þórunni Benediktsdóttur og Fjölni Frey Guðmundsson, 20. sept. 2013). Um árabil hefur legið fyrir að aðstaða fyrir skurðaðgerðir hefur verið lítið notuð en að hún er með því besta sem gerist á landinu.

4.3.4 Heilsuhótel Íslands

Starfsemi Heilsuhótelsins snýr fyrst og fremst að því að bjóða upp á tveggja vikna heilsumeðferð/námskeið í húsnæði hótelsins að Ásbrú. Um helmingur gestanna kemur erlendis frá og gjarnan er um að ræða um 30 manna hópa. Hótelið skilgreinir sig frekar sem „skóla“ en sem „meðferðarstofnun“. Um 30% gestanna eru endurkomugestir. Mataræðið byggir fyrst og á grænmetisfæði og markaðsstarf hótelsins hefur fyrst og fremst miðast við þrjú lönd, Ísland, Færeyjar og Noreg. Ekki hefur verið um hefðbundnar auglýsingar að ræða, heldur fremur á því að láta gott orðspor spyrjast út. Nýverið hefur hótelið vakið athygli fyrir að vera vettvangur íslensku þáttaraðarinnar Biggest Loser, sem sýnd er á Skjá einum um þessar mundir (viðtal við Ragnar Sæ Ragnarsson, 9. september 2013). Á hótelinu eru 50 herbergi. Öll herbergin eru björt og góð með ljósu parketi á gólfum, amerísku Queen size rúmi og eru baðherbergi bæði með baðkeri og sturtu. Húsnæðið er á tveimur hæðum með matsal, setustofu, leikfimisal, gufubaði, infra-rauðum saunaklefa og heitum potti úti. Stór sólbaðspallur er í garðinum (vefsíða heilsuhótelsins: heilsuhotel.is). Ragnar Sær Ragnarsson, framkvæmdastjóri hótelsins sér fyrir sér að tækifæri geti falist í auknu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja t.d. í aðstoð við þá sem þjást af áunni sykursýki, einnig hugmyndir sem hafa tengst uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Ásbrú í samvinnu við Kadeco og fleiri.

4.3.5 Íþróttaakademía Keilis (ÍAK)

Íþróttaakademía Keilis (ÍAK) er einn fjögurra skóla Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs. Í skólanum er boðið upp á fjölbreytt nám á sviði heilsu og íþrótta. Íþróttaakademía Keilis býður upp á þrjár námslínur, ÍAK einkaþálfari, ÍAK styrktarþjálfari og leiðsögunám fyrir ævintýraferðir (Adventure Sports Certification). Ævintýraleiðsögumennskan er nýtt nám sem hleypt var af stokkunum haustið 2013 í samstarfi við kanadískan háskóla. Markaðssetning á samskiptamiðlinum facebook hefur verið kjarninn í markaðssetningu þess náms og fór það vel af stað með um 20 manna hóp (viðtal við Arnar Hafsteinsson, 21. ágúst 2013). Varðandi samstarfstækifæri nefnir Arnar Bláa lónið sem á 10% hlut í Keili. Einnig er skólinn í samstarfi við Artic Adventures um ævintýraleiðsögumennskuna.

4.3.6 Orf líftækni

Orf líftækni var stofnað árið 2001 af 3 líffræðingum sem þróuðu kerfi til að hagnýta prótein sem framleitt er af plöntum, en prótein framleidd af lífferum eru víða notuð í dag, t.d. í lyfjaframleiðslu og iðnaði. Plöntur hafa hinsvegar ákveðna kosti framyfir aðrar lífverur við slíka framleiðslu, t.d. er framleiðslan ódýrari, minni smithætta er fyrir hendi o.fl.
Árið 2008 fór fyrirtækið að nota ákveðna þætti úr framleiðslunni í snyrtivörur og tóku að framleiða snyrtivörur undir eigin nafni. Snyrtivörurnar slógu algerlega í gegn þegar þær komu á markað í maí 2010, en þær eru taldar vinna gegn öldrunareinkennum húðarinnar. Árið 2012 kom um helmingur tekna fyrirtækisins af snyrtivöruframleiðslunni erlendis frá (viðtal við Eirík Sigurðsson, 28. ágúst 2013).
Höfuðstöðvar Orf eru í Kópavogi, en framleiðsla (ræktun) og úrvinnsla hennar er í Grindavík þar sem starfa 7 manns. Gróðurhús fyrirtækisins er um 2000 fm að stærð og 200 fermetrar fara undir geymslu og vinnslu. Fyrirtækið hefur fundið fyrir miklum velvilja hjá Grindavíkurbæ og Hitaveitu Suðurnesja, sem fyrirtækið hefur verið í samstarfi við, en það hefur vilja til þess að koma upp öðru gróðurhúsi þar sem vaxtartækifæri

fyrirtækisins eru mjög mikil. Það hentar vel að byggja það á sama stað, þar sem ræktunin byggir mikið á sjáfvirkni og hægt er að samnýta tæknibúnað.
Fyrirtækið er áhugasamt um samstarf við aðra aðila á svæðinu þar sem hægt er að koma slíku við.

4.4 Aðilar sem hafa náð árangri í heilsutengdri þjónustu í næsta nágrenni Suðurnesja

Fyrir utan höfuðborgarsvæðið eru stofnanir sem hafa náð árangri í heilsutengdri þjónustu, sem eru engu að síður ekki svo íkja langt frá Suðurnesjum. Þar er að finna dæmi sem hægt er að bera sig saman við og líta á sem fyrirmyndir að vissu leiti um hvernig getur tekist vel til um uppbyggingu á þessu svið. Þetta eru t.d. Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ) í Hveragerði og Reykjalundur í Mosfellsbæ.

4.4.1 Heilsustofnun NLFÍ

Heilsustofnunin, sem er í eigu Náttúrulækningafélag Íslands, var stofnuð 1955. Upphaflega byggði lækninga-, og meðferðaform stofnunarinnar mikið á hefðum náttúrulækningastefnunnar. Síðustu áratugi hefur starfsemin á ýmsan hátt sveigt sig inn á braut hefðbundinna lækninga enda meirihluti starfsliðsins með hefðbundna menntun íslenskra heilbrigðisstétta (vefsíða stofnunarinnar hnlfi.is). Stofnunin byggir sína starfsemi að miklu leiti á þjónustusamningi við ríkið og starfar bæði á sviðum „wellness“ og „medical“ svo notað sé orðfæri heilsutengdu þjónustunnar. Stofnunin er í samtökum evrópskra heilsustofnana (ESPA) og eru gerðar úttektir á starfseminni á 18 mánaða fresti í tengslum við það (viðtal við Harald Erlendsson og Inga Þór Jónsson, 16. september 2013). Óhætt er að segja að stofnunin hafi talsverð áhrif á ferðaþjónustu og bæjarbrag Hveragerðis, þar sem hún er starfsett, en um 90 manns vinna við stofnunina (hnlfi.is). Mikil ásókn er í þjónustu stofnunarinnar og hefur vöxturinn verið mestur í þjónustu sem er verið að veita utan þjónustusamnings. Er sá liður starfseminnar nú um 5% af því sem þar fer fram. Heilsustofnunin hefur verið markaðssett víðar en á Íslandi og þá sérstaklega í nágrannalöndunum.

Sökum velgengni stofnunarinnar hefur Hveragerði sett sér það markmið að vera þekkt sem „heilsubær“. Hún hefur ekki verið í miklu samstarfi við aðrar stofnanir og sér fyrst og fremst fyrir sér slíkt samstarf við þær sem hún telur vera á svipuðum slóðum þegar kemur að faglegu starfi (viðtal við Harald Erlendsson og Inga Þór Jónsson, 16. september 2013).

4.4.2 Reykjalundur

Á Reykjalundi Mosfellsbæ fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að því að bæta lífsgæði, færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað leita. Reykjalundur er heilbrigðisstofnun í eigu Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) og vinnur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Um þjónustuna gildir þjónustusamningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjalundar. Uppruna þessara starfsemi má rekja allt til ársins 1938 þegar berklasjúklingar á fjórum stofnunum stofnuðu SÍBS og settu sér fljótlega það markmið að koma upp vinnuheimili fyrir þá sem voru útskrifaðir af berklasjúkrahúsunum (vefsíða stofnunarinnar, reykjalundur.is).

Reykjalundur er í dag stærsta endurhæfingarmiðstöð landsins, en þangað koma um 1200 manns á ári til að leita sér endurhæfingar. Heimilið einbeitir sér að fólki sem á í vandamálum með hjarta, lungu, verki, taugasjúkdóma og ofþyngd, auk þess sem þar er rekið geðsvið. Hið fagra umhverfi heimilisins er mikið nýtt í endurhæfingunni, auk þess sem öll aðstaða innan húss er fyrsta flokks. Á Reykjalundi starfa u.þ.b. 200 manns, þar af eru 12 stöðugildi lækna.

Reykjalundur á ekki í miklu samstarfi við Mosfellsbæ, en bærinn hefur haft hug á að nýta sér velgengni þess og hafa m.a. verið haldnir opnir fundir um að skilgreina Mosfellsbæ sem „heilsubæ“.

Starfsemi heimilisins er að fullu fjármögnuð af ríkinu og hefur hún orðið fyrir 20% niðurskurði eftir hrun sem hefur leitt til þess að draga varð úr þjónustu við þá sem þar eru að leita sér endurhæfingar. Bakhjarl þess er þó enn SÍBS og Reykjalundur hefur heimild til að taka að sér verkefni utan samnings (viðtal við Birgi Gunnarsson, 18. september 2013).

4.5 Aðilar sem eiga hagsmuna að gæta í heilsutengdri þjónustu á Suðurnesjum og geta stutt við uppbyggingu á þessu sviði

4.5.1 Isavia

Isavia ohf. er annað stærsta „ferðaþjónustufyrirtæki“ landsins, en það annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu en innanríkisráðherra ber ábyrgð á faglegri stefnumótun í samvinnu við stjórn félagsins. Flugmálastjórn Íslands fer með stjórnsýslu og eftirlit með loftferðastarfsemi félagsins (vefsíða fyrirtækisins, isavia.is). Starfsemi fyrirtækisins á Suðurnesjum er umfangsmikil, en það rekur bæði Keflavíkurflugvöll, stærsta flugvöll landsins og fríhöfnina sem þar er starfrækt. Fyrirtækið er í því að selja Ísland sem áfangastað fyrir erlend flugfélög og getur þannig komið að því að móta þau „konsept“ sem landið er selt út á, þ.á.m. heilsutengda þjónustu.

Að mati Guðnýjar Maríu Jóhannsdóttur, forstöðumanns viðskiptaþróunar Isavia verður að spyrja sig hvaða rætur Suðurnesin hafi í heilsutengdri þjónustu, en Guðný er búsett á Suðurnesjum. Hún telur að samfélagið þurfi allt að vera inni á þeirri stefnu og telur mikið skorta upp á það. Sjálfstraustið skorti og margt megi bæta, t.d. er rusl ekki flokkað á svæðinu. Heildarhugsun á þessu sviði skortir á svæðinu sem tekur á móti um 1,6 milljónum ferðamanna á ári. Hún telur að Isavia væri tilbúið til að koma að slíku starfi á Suðurnesjum (viðtal við Guðnýju Maríu Jóhannsdóttur, 18. september 2013).

4.5.2 Icelandair

Icelandair er leiðandi flugfélag sem býður ferðir til og frá Íslandi og notar staðsetningu Íslands sem er mitt á milli Ameríku og Evrópu sem viðskiptatækifæri og hefur byggt upp alþjóðalegt leiðakerfi með Ísland sem miðpunkt eða tengiflugvöll (e. hub) (vefsíða fyrirtækisins, icelandair.is). Stærsti hluti fyrirtækisins felst í að selja flugsæti og leggur áherslu á Ísland sem áfangastað og kemur þar að leiðandi að markaðssetningu landsins erlendis. . Móðurfélag þess Icelandair Group rekur auk þess mjög fjölbreytta þjónustu á sviði ferðaþjónstu innalands.

Að sögn Guðmundar Óskarssonar, forstöðumanns markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Icelandair er ekki verið að horfa til markaðssetningar á sérstökum svæðum á landinu, nema ef vera kynni höfuðborgarsvæðisins á veturna, heldur sé allt landið undir í þeim efnum. Hann sá því ekki fyrir sér að Icelandair gæti verið sérstakur samstarfsaðili í því verkefni að byggja upp heilsutengda þjónustu á Suðurnesjum sérstaklega (viðtal við Guðmund Óskarsson, 16. september 2013).

4.5.3 Reykjanes Geopark

Jarðvangur (e. Geopark) er gæðastimpill á svæði sem inniheldur merkilegur eða einstakar jarðminjar og kemur þeim á framfæri. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa samþykkt að vinna að stofnun og þróun jarðvangs á svæðinu. Stefnt er að því að sækja um alþjóðlega vottun á jarðvangnum og er hafinn undirbúningur umsóknar um aðild að European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network. Bundnar eru vonir við að árangur verkefnisins skili sér í fjölgun ferðafólks á svæðinu, eflingu vísindarannsókna, meiri samvinnu og uppbyggingu í ferðaþjónustu og dýpri og aukinni þekkingu á viðfangsefninu jarðvangur. Jarðvangur byggir á þátttöku heimamanna og hefur skýra stefnu um sjálfbæra þróun (af heimasíðu Jarðvangs á Reykjanesi, heklan.is/reykjanes-geopark-project). Að sögn Eggerts Sólbergs Jónssonar verkefnisstjóra Jarðvangsins felst sérstaða svæðisins fyrst og fremst í staðsetningu þess á flekaskilum. Ef þessi vottun fengist gætu aðilar í heilsutengdri þjónustu fengið að nýta sér merki og orðspor jarðvangsins, sem vonandi yrði til að efla jákvæða ímynd þess á þessu sviði.

4.5.4 HS Orka

Eins og víða hefur komið fram í greinum hér að framan hefur HS Orka átt þátt í þróun margskonar heilsuþjónustu á Suðurnesjum. Albert Albertsson hefur á liðnum árum stýrt rannsóknum fyrirtækisins og forvera þess, Hitaveitu Suðurnesja. Viðhorf sem ríkt hefur innan yfirstjórnar fyrirtækisins um áratuga skeið hefur leitt til samstarfs um nýtingu efna sem finnast í gufu, jarðsjó, heitu og köldu vatni sem fyrirtækið vinnur úr jörðu. Stefna HS Orku er að sinna þessum málum áfram af krafti sem hingað til og getur það reynst mjög verðmætt í frekari þróun heilsutengdrar þjónstu á svæðinu.

4.5.5 Markaðsskrifstofa Suðurnesja

Markaðsstofa Reykjaness er samstarfsverkefni sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Reykjanesi en verkefnisstjóri hennar er Þuríður Halldóra Aradóttir. Megin hlutverk stofunnar er að vinna að markaðssetningu fyrir svæðið á innlendum markaði og erlendis og stuða að samstarfi innan greinarinnar á þeim vettvangi. Markaðsstofan vinnur einnig að ýmsum verkefnum sem styðja við rekstarumhverfi greinarinnar og uppbyggingu innviða í landshlutanum (af vefsíðu Markaðsstofunnar, heklan.is/markadsstofa-reykjaness/um-stofuna). Ljóst er að Markaðsstofan getur gegnt lykilhlutverki í því að kalla aðila til samstarfs um eflingu heilsutengdrar þjónustu á Suðurnesjum.

4.5.6 Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar eða Kadeco er þróunarfélag sérhæft í fasteignaþróun, verkefnum sem auka samkeppnishæfni fyrirtækja á Reykjanesi og verkefnum sem efla frumkvöðlamenningu á Reykjanesi. Þróunarfélagið var stofnað árið 2006 í kjölfar þess að bandaríski herinn yfirgaf varnarsvæði sitt eftir 60 ára veru. Félagið var stofnað til að koma varnarsvæðinu, sem nú heitir Ásbrú, í borgaraleg not og er það í eigu fjármálaráðuneytisins. Markmið og tilgangur Kadeco er að leiða þróun og umbreytingu á Ásbrú (af vefsíðu Kadeco, asbru.is/um-asbru/kadeco/). Liður í þessu starfi hefur verið að ýta undir hugmyndir sem fram hafa komið og tengjast heilsutengdri þjónustu á Ásbrú og hefur Kadeco komið að slíkum málum, t.a.m. í samstarfi við SALT investments, þó það verkefni hafi ekki gengið eftir. Kadeco er og verður áfram lykilaðili í stuðningi við hugmyndina um heilsutengda þjónustu á Suðurnesjum.

4.6 Tækifærin á Suðurnesjum

4.6.1 Samráðsfundurinn

Þann 4. október 2013 var blásið til samráðsfundar aðila í heilsutengdri þjónustu á Suðurnesjum til að kalla eftir mögulegum samstarfstækifærum í því sambandi. Eftirfarandi aðilar mættu til fundarins:

- Anna G. Sverrisdóttir, formaður samtaka um heilsuferðaþjónustu á Íslandi
- Ari Elíasson, framkvæmdastjóri Sporthússins Reykjanesbæ
- Arnar Hafsteinsson, forstöðumaður Íþróttaakademíu Keilis
- Ársæll Harðarson, svæðisstjóri fjærsvæða hjá Icelandair
- Burkni Pálsson, þróunarstjóri GeoSilica
- Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri Jarðvangs Reykjaness
- Egill Þórir Einarsson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Salt
- Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Orf líftækni/Sif Cosmetics
- Eva Lind Ómarsdóttir, deildastjóri hóptíma hjá Sporthúsinu Reykjanesbæ
- Fanney Guðrún Sigurþórsdóttir, skrifstofustjóri Sporthússins í Reykjanesbæ
- Grétar Már Garðarsson, verkefnastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar Isavia
- Magnea Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins
- Ragnar Sær Ragnarsson, framkvæmdastjóri Heilsuhótels Íslands
- Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri hjá Kadeco
- Þórunn Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Þuríður Aradóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjaness

Þá var eftirfarandi aðilum boðin þátttaka en gátu ekki tekið þátt:

- Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri GeoSilica
- Fjölnir Freyr Guðmundsson, framkv.stjóri lækninga, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Icelandair
- Guðný María Jóhannsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar Isavia
- Halldór Jónsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
- Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco

Fundurinn leiddi einkum tvennt í ljós: 1) Að tækifæri væru fólgin í nánara samstarfi milli aðila svæðisins sem hafa hagsmuna að gæta í tengslum við heilsutengda þjónustu og 2) hins vegar að koma þyrfti á laggirnar einhvers konar vettvangi til aukins samstarfs – ekki síst í tengslum við markaðssetningu.

4.6.2 Tækifærin á Suðurnesjum

Þátttakendur voru beðnir að greina í fyrsta lagi hversu nánu samstarfi viðkomandi fyrirtæki/stofnun væri við annan/aðra aðila í heilsutengdri þjónustu á Suðurnesjum og í öðru lagi hversu náið samstarf viðkomandi gæti séð fyrir sér, á skalanum 0 og upp í tíu. Við fyrri spurningunni var svarið 4,5 og þeirri síðari 7, þannig að bilið sem tækifæri er til að minnka er þar á milli (sjá mynd 4.1)

Mynd 4.1

Þvínæst var hópnum skipt í þrennt til að draga fram möguleg samstarfsverkefni. Þátttakendur voru beðnir að færa inn skilgreiningar á verkefnunum, en þær eru misítarlegar. Verkefnin voru eftirfarandi:

Númer	Flokkur	Lýsing á samstarfstækifæri	Lýsing á verkefni	Þátttakendur	Hlutverk SSS	Markmið um árangur	Tímarammi
1	Wellness	Matur og heilsa	Efling á matarhefð úr héraði og stuðla að heilbrigðum lífstíl. Aukin gæði á veitingastöðum. Byggja upp gæðastimpil.	Jarðvangurinn, veitingastaðir, líkamsræktarstöðvar			
2	Medical	Rannsóknir á heilsu/umhverfi					
3	Wellness	Heilsa og útivist (Jarðvangurinni	Markaðssetning á Reykjanesi sem útivistarsvæði allt árið				
4	Wellness	Vetrarferðamennska					
5	Wellness	Wellness Reykjanes Iceland	Viðburður – t.d. þríþraut	Allir sem starfa innan heilsuþjónustu	Verkefnastjórn, markaðssetning	Markaðssetning, ímyndarsköpun, samstarfsvettvangur	Getur byrjað strax
6	Medical	Styrkja heilsugæsluna	Þjónusta fyrirtæki og samfélag	HSS, Heilsuhótel Íslands, Sporthúsið	Halda utan um hópinn	Auka vitneskju (upplýsingar) og eftirfylgni einstaklinga á eigin heilsu	Janúar 2014
7	Wellness	Auka meðvitund um heilsurækt meðal almennings	Fá fyrirtæki og einstaklinga til að auka líkamsrækt	Isavia, GeoSilica,Heilsuhótel Íslands, Keilir	Halda utanum verkefnið fyrstu skrefin	Að auka vellíðan einstaklinga, bætt heilsa og forvarnir.	STRAX - Nýtt tímabil
8	Product	Kísilfæðubótaefni	Fyrirbyggjandi fyrir beinþynningu, styrkir bandvef, fegrar, styrkir. Gott fyrir húð, hár og neglur. Mögulegt drykkjarvatn, sportdrykkir.	Sporthúsið, Heilsuhótel Íslands	Koma hópnum saman!	Markaðsstarf	Vor 2014

9	Product	Aðstoða við kynningarstarf á heilsutengdri þjónustu.	Kynning erlendis á viðkomandi fyrirtækjum	Heilsuhótel Íslands, Keilir, Sporthúsið, GeoSilica	Hóa hópinn saman	Aukin kynning á viðkomandi vöru - og þjónustu erlendis	Nóvember 2013
10	Wellness	Einkaþjálfaranám kynnt á erlendum markaði	Markaðasstarf erlendis	Isavia, Heilsuhótel Íslands	Halda utanum hópinn	Fá erlenda nemendur	Vor 2014
11	Product	Búa þjónustu til að kynna auðlindanýtingu á Íslandi. Auðlindir@Reykjanes	Samtvinna jarðsjó, kísil, protein, salt hvernig við vinnum úr auðlindum okkar	GeoPark - Arctic Sea Salt – ORF – Icelandair – Bláa lónið ofl.	Samræming, verkefnastjórnun	Meiri vitneskja um auðlindir Reykjanes…	Nokkur ár
12	Wellness	Event – Stofna til viðburða. Gönguleið um Reykjanes	Ein gönguleið sem fer um sérstöku svæði sem Reykjanes hefur. - Reykjavegur - Gera að tískuvöru eins og Laugavegurinn er…	Ferðaþjónustuaðilar sveitarfélögin.		Búa til aukið aðdráttaafl inn á svæðið, fá gesti sem skilja eftir gjaldeyri.	Nokkur ár (2-4 ár)
13	Product	Kísill í húðvörur	Kanna möguleika að nota kísil frá Geosilca í húðvörur	ORF og GeoSilica		Vöruþróun	1-2 ár

Ljóst er að þarna er um að ræða allnokkur tækifæri og sum þeirra væri full ástæða til að taka áfram. Það þyrfti að gerast annars vegar á milli einstakra aðila á svæðinu sem sjá sér hag í að taka sig saman um ákveðin verkefni og hinsvegar í gegnum mögulegan formlegan samráðsvettvang þessara aðila, sem hugsanlega gæti verið hluti af, eða í nánu samstarfi við Samtök um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi.

5 Samantekt og niðurstöður

Suðurnesin hafa margt til að bera til að geta náð forskoti meðal svæða á Íslandi í heilsutengdri þjónustu. Í fyrsta lagi er á svæðinu langstærsta fyrirtækið á þessu sviði á landsvísu, Bláa lónið, auk þess sem á Suðurnesjum er að finna aðila sem starfa á öllum þeim þremur sviðum sem undir þennan flokk falla – *medical*, *wellness* og *products*. Af þeim aðilum er um að ræða aðra sem náð hafa góðri stöðu, eins og Orf og síðan efnileg fyrirtæki í örum vexti. Innviðir til svæðisbundins samstarfs eru góðir, samgöngur öflugar, mikil umferð ferðamanna, nálægð við höfuðborgarsvæðið, tiltölulega góð landfræðileg afmörkun, jarðfræðileg sérstaða og ríkur velvilji stjórnvalda á svæðinu gagnvart verkefninu.

Af þeirri greiningu sem hér hefur verið unnin er ljóst að ekki er langt í land með að blása megi til sóknar í þessum efnum með mun viðameira samstarfi en hingað til hefur átt sér stað, en ljóst er að opinberir aðilar eru í bestu stöðunni til að hvetja til þess, m.a. á vettvangi Markaðsstofu Suðurnesja.

Hér er lagt til að Markaðsstofa Suðurnesja hafi frumkvæði að því að boða til stofnfundar Samtaka um heilsutengda þjónustu á Suðurnesjum (SHÞS) á vormánuðum 2014. Lögð verði áhersla á að hafa með alla þá aðila sem hér að ofan eru tíundaðir og allir hafa hug á nánara samstarfi. Það þarf hinsvegar að vera ljóst að þarna er að langmestu leiti um að ræða einkaaðila á markaði og því er alveg skýrt að þeir þurfa að sjá sér hag í að taka þátt í slíku samstarfi. Þar getur vissulega verið um að ræða jákvæð áhrif af því ef vel tekst til að marka svæðinu sérstöðu sem „heilsusvæðis“. Það er líka ljóst að þar eru Suðurnesin í samkeppni við aðra aðila á landinu og auðvitað á heimsvísu ef út í það er farið, en staða þess er engu að síður sterk í þeim efnum, ekki síst vegna Bláa lónsins sem áður er nefnt.

Það eru tækifæri til staðar fyrir heilsutengda þjónustu á Suðurnesjum, en slíkt verkefni eins og hér er lagt til getur orðið til þess að enn meiri árangur náist en ella. Önnur áhrif sem velheppnað samstarfsverkefni á þessu sviði getur haft – og var nefnt a.m.k. í einu þeirra viðtala sem skýrsluhöfundar tóku – væru að efla sjálfstraust og jákvæða ímynd Suðurnesja sem fyrirmyndarsvæðis á þessu sviði. En þar stendur líka upp á sveitarfélög á svæðinu að taka frumkvæði í því að efla heilsu- og umhverfistengd verkefni og fá samfélagið allt í lið með sér í því að Suðurnesin verði þekkt sem fyrirmynd annarra á þessu sviði. Tækifærin eru mörg. Það þarf bara að grípa þau.